

Nd.

437. L Ö G

um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 13. ágúst).

1. gr.

Nú hafa brauðgerðarmenn á einhverjum stað lagt svo niður brauðgerð, að yfirvofandi hætta er á því, að almenningur geti ekki fengið venjuleg brauð keypt, og heimilast þá bæjar- eða sveitarstjórn þeirri, er hlut á að máli, að taka eignarnámi svo mörg brauðgerðarhús, er hún telur þurfa, til þess að fullnægja þörfum almennings þar. Eignarnámsheimildin nær bæði til húsa og áhalda, sem nauðsynleg eru til reksturs brauðgerðar, svo og til birgða af mjöli, geri, eldsneyti og öðru efni, sem notað er til brauðgerðar.

2. gr.

Endurgjald ákveða tveir óvilhallir, dómkvaddir menn, sem nefndir skulu af bæjarfógeta, ef eignarnám fer fram í kaupstað, en ella af sýslumanni, og mega þeir ekki vera í þjónustu bæjar- eða sveitarfélagsins, nje eiga sæti í bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Mat samkvæmt 2. gr. skal framkvæma svo fljótt sem því verður við komið. Þó skal aðiljum gefinn kostur á að skýra mál sitt. En því að eins skal fresta gerðinni, að matsmenn telji einhvern aðilja þurfa að afla sjer frekari gagna. Þó skal mati jafnan lokið ekki seinna en á fimta degi eftir að þess er beiðst.

4. gr.

Að matsgerð lokinni má eignarnemi taka hið numda i vörslur sínar, án þess að hindrað verði með kröfu um yfirmat, gegn því að greiða matsverðið og allan málskostnað. Matsverðið skal afhent bæjarfógeta eða sýslumanni, og geymir hann það i banka, þangað til úrslitaákvörðun hefir farið fram.

5. gr.

Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta matsgerð, og skal hann þá hafa krafist yfirmats innan 8 daga frá því er gerðin fór fram. Yfirmat framkvæma 3 óvilhallir menn, útnefndir af landsyfirdómi, og skulu þeir fullnægja skilyrðum þeim, er i 2. gr. getur.

Yfirmatsmenn skulu framkvæma matið á sama hátt sem undirmatsmenn. Þó má eigi frest veita, nema sannað sje, að hann skuli nota til að útvega árið-andi gögn, er eigi hafi verið kostur á að afla fyr.

Sá, er yfirmats hefir krafist, greiði kostnað af því; þó greiði eignarnemi kostnaðinn, ef gerðarþoli hefir beiðið um yfirmat og matsverðið hækkað um 10% eða meira.

6. gr.

Skylt er undirmats- og yfirmatsmönnum að rannsaka verðmæti þess, er tekið er, svo nákvæmlega sem kostur er á, bæði með því að krefjast munnlegra skýrslna af málsaðiljum sjálfum og öðrum, ef þörf krefur. Þeir mega og, ef nauðsyn ber til, afla sjer skýrslna frá sjerfræðingum, og skal sá kostnaður, er það hefir í för með sjer, teljast með málskostnaði.

7. gr.

Ef bæjar- eða sveitarstjórn telur heppilegra að taka brauðgerðarhús ásamt áhöldum til leigu heldur en til eignar, skal ákveða mánaðarlega leigu af því, sem tekið er til leigu, og skal leigan greiddast mánaðarlega fyrir fram.

8. gr.

Nú eru brauðgerðarhús tekin til leigu samkvæmt 7. gr., og eiga þá verkamenn þar forgangsrjett, að öðru jöfnu, til atvinnu af brauðgerð þar um leigutímann.

9. gr.

Ef eigi verður samkomulag um leiguhæð, skulu óvilhallir menn meta leigu, enda fer um matsgerð eftir 1.—6. gr. Til greina skal taka atvinnumissi eiganda, og skylt er eignarnema að skila aftur því, er til leigu hefir verið tekið, í jafngóðu standi, nema að því leyti, sem það hefir spilst af venjulegu sliti og fyrningu. Spjöll skulu metin samkvæmt 1.—6. gr.

10. gr.

Nú vill eignarnemi skila aftur því, er til leigu hefir verið tekið samkvæmt 7. og 8. gr., og skal hann segja eiganda til þess með þriggja mánaða fyrirvara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.